



Ljóst efni á botni lægðar í Noctis Labyrinthus

ESP_027236_1680



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Í mörgum lægðum í Noctis Labyrinthus er ljóst og stundum lagskipt efni. Noctis Labyrinthus er við vestasta enda Valles Marineris gljúfurkerfisins. Vestan við það eru eldfjöllin á Tharsis. Á þessari mynd HiRISE sést dæmi um ljóst efni sem finnst víða á botni margra dælda í Noctis. Litrófsöggn frá CRISM mælitækinu, sem einnig er um borð í MRO geimfarinu, benda til að þetta ljósa efni sé vatnað (þ.e. innihaldi vatn). Vatnaða efnið gæti hafa myndast þegar vatn seytlaði upp í dældina eða þegar ís í henni bráðnaði, hugsanlega vegna jarðhita.